



HÁSKÓLI ÍSLANDS SIÐFRÆÐISTOFNUN

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar, þriðjudaginn 26. maí 2020, kl. 12:00 í fundarherbergi 301 í Gimli H.Í. Mætt voru: Ástríður Stefánsdóttir, Elínborg Sturludóttir, Sólveig Anna Bóasdóttir, Henry Alexander Henrysson og Vilhjálmur Árnason (VÁ), stjórnarformaður. Páll Rafnar Þorsteinsson (PRÞ) sat fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. **Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar** (áður send í tölvupósti).
2. **Skipan stjórnar:** Henry Alexander Henrysson tekur sæti í stjórn Siðfræðistofnunar í stað Haraldar Briem og er skipaður af formanni stjórnar Hugvísindastofnunar.
 - *Stjórnarmeðlimir buðu Henry velkominn til liðs við stjórn Siðfræðistofnunar.*
3. **Helstu atriði/verkefni frá síðasta fundi (15. desember 2019).**
 - a. Aðalfundur Siðfræðistofnunar 10.01. 2020
 - *VÁ sagði frá ársfundi (sjá undir lið 5. a.).*
 - b. Verkefni og viðburðir sem slegið var á frest vegna samfélagslegra aðstæðna
 - *VÁ fór yfir viðburði sem slegið hefur verið á frest. Frestað fram á haust: Heimsókn A.C. Grayling og Skálholti-seminar (Bioethics and Political Philosophy). Frestað um óákveðinn tíma: Fundaröð um vönduð vinnubrögð í vísindum (í samstarfi við Gæðanefnd Háskólaráðs) og ráðstefna um lýðræðislegt hlutverk háskóla.*
 - c. Umsagnir
 - *PRÞ fór yfir umsagnir um lagafrumvörp o.þ.h. frá áramótum. Tvær umsagnir um þingsályktunartillögur: 1) um rannsókn á fjárfestingaleið Sí og 2) um siðferðileg gildi og forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu. Tvær umsagnir um lagafrumvörp: 1) um varnir gegn hagsmunaárekstrum og 2) um breytingar á upplýsingalögum (réttarstaða þriðju aðila).*
 - d. Samstarf við Forsætisráðuneyti um eflingu trausts
 - *PRÞ fór yfir stöðu og næstu verkefni. Framundan er athugun á viðhorfum til siðareglna og kynningar á siðareglum innan Stjórnarráðsins með það að markmiði að endurskoða og bæta umgjörð um fræðslu/símenntun á sviði opinberra heilinda.*
 - *Gildistími samnings við Forsætisráðuneyti er hálfnaður. Rætt var um hvað taki við að þeim tíma liðnum.*
 - e. Umsóknir um styrki
 - i. Tvær umsóknir um styrki úr Nýsköpunarsjóði námsmanna
 - *Sótt verður um tvo styrki: A) Verkefni um siðferðileg álitæfni sem tengjast Covid-19 (VÁ er meðal leiðbeinenda og Siðfræðistofnun leggur til 100.000 kr. mótframlag); B) Viðtalsrannsókn og viðhorfskönnun meðal starfsmanna Stjórnarráðsins, sem snýr að siðareglum og fræðslu á sviði opinberra heilinda (PRÞ er leiðbeinandi og Forsætisráðuneyti er samstarfsaðili).*



HÁSKÓLI ÍSLANDS

SIÐFRÆÐISTOFNUN

- ii. Umsóknir um þátttöku í átaksverkefni VMST vegna sumarstarfa fyrir námsmenn
 - *Samþykkt var að sækja um að ráða tvo sumarstarfsmenn í gegnum VMST. Verkefni sumarstarfsmanna munu tengjast viðtalsrannókn og viðhorfskönnun (sjá lið i að ofan).*
- iii. NordForsk – Covid-19
 - *VÁ er aðili að NordForsk styrkumsókn, sem snýr að Covid faraldrinum, ásamt fjölbjóðlegu teymi.*

4. Verkefni framundan

- a. Bioethics and Political Philosophy í Skálholti (sept.)
 - *Skálholtsseminar fer fram í september.*
- b. Heimsókn Grayling
 - *Umsókn um styrk frá Hugvísindastofnun vegna heimsóknarinnar var samþykkt. Ráðgert er að nýta styrkinn þótt heimsóknin hafi fallið niður í vor. Enn er því gert ráð fyrir að Grayling flytji opinn fyrirlestur og taki þátt í málstofu með nemendum í haust (tímasetning óákveðin).*
- c. Umsagnir: Frumvarp til laga um útlendinga
 - *PRP fór yfir álitæfni í frumvarpinu. Stjórnarmenn (HAH, SAB, ES) buðust til þess að lesa yfir drög að umsögn.*

5. Almennt

- a. Hlutverk Siðfræðistofnunar (sjálfsskoðun á ársfundi)
 - *PRP fór yfir samantekt frá ársfundi og ólík sjónarmið sem þar komu fram um hlutverk stofnunarinnar, aðferðafræði og framlag til þjóðmálaumræðu.*
 - *Rætt var almennt um hlutverk Siðfræðistofnunar og m.a. um samsetningu stjórnar og tilnefningaraðila.*
- b. Ráðgjafaráð stofnunarinnar
 - *VÁ kynnti áform um að stofna ráðgjafaráð Siðfræðistofnunar, í þeim tilgangi að styrkja faglegt bakland stofnunarinnar, og reifaði hugmyndir að tilnefningaraðilum. Samþykkt var að VÁ og PRP héldu áfram með málið.*
- c. Árlegur fyrirlestur í minningu Páls Skúlasonar
 - *Samþykkt var að Siðfræðistofnun stæði fyrir „Pálsfyrirlestri“ í minningu Páls Skúlasonar, sem verði að árlegum viðburði. Fyrsti Pálsfyrirlestur verður fluttur af Vilhjálmi Árnasyni þann 4. júní næstkomandi.*
- d. Starfsmannamál á haustmisseri
 - *Verkefnastjóri verður í skertu starfshlutfalli á haustmisseri vegna fæðingarorlofs. Samþykkt var að ráða Emmu Björgu Eyjólfsdóttur tímabundið í hlutastarf.*

6. Önnur mál

*Engin önnur mál voru rædd.
Fundu slitið kl. 13:42*